



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2025
USK25060260

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. júní 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Gjaldskrá bílastæðakorta fyrir deilibíla

Lögð fram tillaga, ódags. að gjaldskrá fyrir bílastæðakort á bílastæðum í Reykjavík.

Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: tillaga, ódags. að gjaldskrá fyrir bílastæðakort á bílastæðum í Reykjavík

Gjaldskrá

Fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg

1. gr.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- 630 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1, hámarkstími 3 klukkustundir.
- 230 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- 230 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar, en 70 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- 230 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr

Gjöld fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík

Gjöld fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

Íbúakort 1:

- 1.450 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- 2.900 krónur á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

3. gr.

Gjald fyrir deilibílakort er eftirfarandi:

- 1.450 krónur fyrir mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.

4. gr.

Gildistaka og lagastoð

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs xx. xxxx 2025 og á fundi borgarráðs xx. xxxx 2025 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1571/2024.

Borgarstjórinn í Reykjavík XX XXX 2025
Heiða Björg Hilmisdóttir